

Keppnisflokkar ÍSS 2025-2026

Flokkar + lengd tónlistar ISU reglur gilda Aldur miðast við 1. júlí	Stökk ISU reglur gilda *Ef stökk er endurtekið skal það að vera í samsetningu eða seríu. Hvert stökk má aðeins endurtaka einu sinni.	Píróettur ISU reglur gilda *Mismunandi píróettur (mismunandi skammstöfun)	Samsetningar ISU reglur gilda nema í Chicks og Cubs (sjá viðbót að neðan)	Efnispættir Prógrams
Chicks 8 ára & yngri 2:00 mín +/- 10 sek Upphitun: 4 mínútur	Max. 4 stökkelement* Max 2 combos/sequences (geta innihaldið max tvö stökk)	Max 2 píróettur* Lágmark 3 hringir Max Level 2	1 sporasamsetning (StSq) Max Level 2	Samsetning Prógrams Framkvæmd Grunnskautun
Cubs 10 ára & yngri 2:00 mín +/- 10 sek Upphitun: 4 mínútur	Max 4 stökkelement* Max 2 combos/sequences (geta innihaldið max tvö stökk)	Max 2 píróettur* Lágmark 3 hringir Max Level 2	1 sporasamsetning (StSq) Max Level 2	Samsetning Prógrams Framkvæmd Grunnskautun
Intermediate Women/Men 15 ára & eldri 3:00 mín +/- 10 sek Upphitun: 5 mínútur	Max 5 stökkelement Amk. 1 verður að vera Axel type Max 2 combos/sequences (ein má innihalda 3 stökk) Hvert stökk má aðeins endurtaka einu sinni	Max 2 píróettur* Lágmark 6 hringir ef ekki er skipt um fót, lágmark 8 ef skipt er um fót Max Level 4	1 sporasamsetning (StSq) Max Level 4 og 1 kóreósamsetning (ChSq)	Samsetning Prógrams Framkvæmd Grunnskautun

Basic Novice, Intermediate Novice, Advanced Novice – [Sjá reglur ISU, Communication 2699](#), fyrir utan:

- [bónusa \(sjá næstu síðu\)](#)
- [Advanced novice: 2A er skylda í stuttu prógrami](#)

Junior og Senior einstaklings – [Sjá reglur ISU, Rules 611 og 612](#)

Junior og Senior pör - [Sjá reglur ISU, Rules 620 og 621](#)

Bónusstig:

Basic Novice: 2Lz, 2F og 2Lo í sama prógrammi (öll full snúin og á réttum brúnum) gefa 1 stig. 2A (má vera < eða q) gefur 2 stig.

Advanced Novice: 2A (fullsnúinn, ekki fall í stutta prógrammi) / 3x (má vera < eða q) gefur 2 stig.

Junior einstaklings: 3x (má vera < eða q) gefur 2 stig.

Allir ofantaldir flokkar: Bónusstig eru veitt allt að tvisvar sinnum í hverju prógrammi. Ef skautari vann til fleiri bónusa munu þeir tveir framkvæmdu bónusar með hæsta stigagildi veittir. Bónusar birtast sem element á Judges Scores, Bonus1 fyrir bónus element sem gefur 1 stig og Bonus2 fyrir bónus element sem gefur 2 stig. Fall (nema í 2A hjá Advanced Novice í stutta prógrammi) hefur ekki áhrif á bónusstig. Ógild element (merkt með *) gilda ekki til bónusstiga.

Útskýring Efnispáttá prógrams og Levels

Chicks (8 ára og yngri) og Cubs (10 ára og yngri)

Faktor fyrir hvern efnispátt prógrams er **1.67**.

Útskýring levela: Í öllum elementum sem hafa level geta skautarar fengið að hámarki **Level 2**. Tæknipanell mun ekki taka viðbótareiginleika (additional features) með í reikninginn fyrir levels.

Eftirfarandi breytingar verða gerðar á stigum sporasamsetningar (StSq) í þessum flokkum:

Skammstöfun	Kröfur	Grunngildi (base value)
StSqB1	Nýtir ísinn að fullu.	1.00 (hvert GOE mun bæta við/fjarlægja 0.10 stig)
StSqB2	Að minnsta kosti fimm hrein auðveld spor*.	1.40 (hvert GOE mun bæta við/fjarlægja 0.14 stig)
StSqB3	Að minnsta kosti fimm hrein auðveld spor* og að minnsta kosti þrjú hrein erfið spor.	1.60 (hvert GOE mun bæta við/fjarlægja 0.16 stig)

*Listi yfir auðveld spor sem tekin eru til greina eru: Pristar, mohawk, cross rolls (ytri til ytri). Hægt er að telja hverja tegund af spori tvisvar (getur verið framkvæmt á sama fæti og í sömu átt). StSqB verður ekki kallað. StSq1 og StSq2 fylgja kröfum ISU.

Öll önnur mál fara eftir ISU Communication [2699](#)

Intermediate Women/Men (15 ára og eldri)

Faktor fyrir hvern program component er **1.7**.

Útskýring levela: Í öllum elementum sem hafa level geta skautarar fengið að hámarki **Level 4**.

Engin auka stig fást fyrir að framkvæma stökk í seinni hluta prógramms (no half time bonus).

Öll önnur mál fara eftir ISU reglum ~~Junior flokka (Special Regulations and Technical Rules)~~: Novice flokka (ISU Communication [2699](#)).

Í öllum flokkum skal tónlist, texti og búningur vera við hæfi íþróttakeppni. Tekið skal mið af aldri og þroska keppenda.